

Stjórnarfundur Hverfisráðs (Íbúasamtakana) í Hnífsdal haldinn í barnaskólanum í Hnífsdal 1. september 2020

Mættir eru Jóhann Birkir Helgason, formaður, Davíð Kjartansson, Ívar Mar Valsson og Sigríður Elsa Álfhildardóttir

Dagskrá:

1. Fundur með bæjarstjóra og bæjarritara

Jóhann Birkir og Davíð kynnt nefndarmönnum það sem fram kom á fundi þeirra með bæjarstjóra og bæjarritara Ísafjarðarbæjar.

2. Verkefni Hverfisráðs næstu ára

Hverfisráðið leggur til að farið verði í eftirfarandi verkefni næsta ára í Hnífsdal. Endanleg forgangsröðun þeirra verður tekin fyrir og rædd á opnum fundi í Hnífsdal þegar þóhætt verður að halda opna fundi.

- Ljúka við göngustíginn meðfram Hnífsdalsá
- Leggja göngustíg frá Bakkahól upp að grindarhliði á veginum fram í dal sbr. bréf dags. 5. nóvember 2019.
- Lagfæra göngustíg frá Skólavegi upp á Bakkaveg, um er að ræða slóða sem væri einfalt að lagfæra og gera greiðfærari.
- Setja upp bekki við göngustíginn á nokkrum stöðum.
- Setja upp heilsutæki við göngustíginn á nokkrum stöðum.
- Hverfisráðið er einnig reiðubúið að setja fjármagn í félagsheimilið þrátt fyrir að það sé almennt viðhald sem bærinn á að sjá um, gegn því að bærinn leggi til a.m.k. 50% fjármagn á móti þannig að hægt sé að koma húsnæðinu í þokkalegt ástand.

3. Almenn umhirða í Hnífsdal

Hverfisráðið bendir á að bæta mætti almenna umhirðu í Hnífsdal, þá er bent á umferðaröryggisáætlun Ísafjarðarbæjar því til stuðnings.

- Almenn umhirða á blómabeðum við barnaskólann í Hnífsdal
- Ekki hefur verið skipt um gúmmi í sparkvellinum sem var lofað fyrir rúmu ári síðan
- Hækkun á grindverki við sparkvöllinn sem var lofað fyrir rúmu ári síðan
- Endurnýja má skilti, mála gangbrautir [ofl.](#) eins og segir í umferðaröryggisáætlun.
- Yfirfara leiktæki við barnaskólann, Bakkaskjól og aparólu

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 20:45